

Fríblað

Your Free Copy

2025

Listin skiptir máli

Listasafn Reykjavíkur er lifandi og fram-sækinn vettvangur sem býður gesti velkomna í þrjú safnhús; Kjarvalsstaði, Ásmundarsafn og Hafnarhús. Hjá okkur gefst tækifæri til að kynna fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð, feta ókunnar slóðir en líka eiga stund endurfunda þar sem rúm er fyrir persónulega upplifun og samfélagslega speglun.

Á safninu starfar öflugur hópur einstaklinga sem af metnaði og kunnáttu leggur sig fram við að uppfylla samfélagslegar skyldur safnsins. Við kappkostum að stuðla að áhrifamikilli upp-lifun fjölbreytts hóps gesta af sköpunarverkum listamanna um leið og rannsóknir og sýningar miða að skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu.

Það gleður mig sérstaklega að sjá hvernig safnið þróast sífellt áfram sem sjálfsagður viðkomustaður gesta – staður þar sem listin mætir fólki á eigin forsendum, kveikir samtal og eflir tengsl okkar við tímann, umhverfið og hvert annað.

Listin skiptir máli – og hún á sinn mikilvæga sess í borg sem vill vera lifandi, framsækin og manneskjuleg.


Í ár kveð ég safnið eftir tíu ógleymanleg ár sem safnstjóri. Ég fer með þakklæti, stolti og mikilli trú á framtíð safnsins.

Það hefur verið mér sannur heiður að fá að leiða þetta einstaka safn og ég hlakka til að fylgjast með því blómstra áfram af krafti, nýrri sýn og óþrjótandi eldmóði starfsfólksins.

Njótið sumarsins, komið sem oftast á safnið – og leyfið listinni að veita ykkur innblástur, gleði og nýja sýn á heiminn.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir,
safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Museum Director of Reykjavik Art Museum.



Art Matters

Reykjavík Art Museum is a vibrant and progressive venue that welcomes visitors to its three locations: Kjarvalsstaðir, Ásmundarsafn, and Hafnarhús. Here, guests are invited to explore the diversity of visual art, both past and present, to venture into the unknown as well as to revisit the familiar. The museum offers space for personal experiences and social reflection.

A dedicated team of professionals works at the museum, bringing expertise and passion to the fulfillment of its social role. We are committed to providing diverse audiences with meaningful encounters with artistic creations, while research and exhibitions aim to inspire dialogue and stimulate interest in visual art and its place in society.

It brings me great joy to witness how the museum continues to evolve as a natural destination – a place where art meets people on their own terms, sparks conversation, and deepens our connection to time, our environment, and each other.

Art matters – and it holds a vital place in a city that strives to be vibrant, progressive, and humane.

This year, I bid farewell to the museum after ten unforgettable years as director. I leave with gratitude, pride, and great confidence in the museum's future.

It has been a true honour to lead this exceptional institution, and I look forward to seeing it continue to flourish, driven by vision, vitality, and the unflagging dedication of its staff.

Enjoy the summer, visit the museum often – and let art inspire you, bring you joy, and offer a new perspective on the world.



Ólöf Kristín Sigurðardóttir,
Museum Director of Reykjavík Art Museum



Undur á vinnustofu

Sýningin Ásmundur Sveinsson: Undraland stendur nú yfir í Ásmundarsafni. Safnið var heimili og vinnustofa Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara (1893–1982) sem hann hannaði og byggði en segja má að húsið sé einn hans stærsti skúlptúr. Árið 1940, þegar Ásmundur hóf vinnu við húsið, stóð það í túnfæti býlis sem bar það ævintýralega bæjarheiti Undraland. Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg hús sitt og verk eftir sinn dag og safn helgað minningu hans var stofnað þar árið 1983. Sýningin í Ásmundarsafni er tvískipt. Annars vegar er um að ræða sýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar og hins vegar er þar vinnustofa starfandi listamanns. Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri er sýningarstjóri þess hluta sýningarinnar sem snýr að verkum Ásmundar. „Á þeirri sýningu leitumst við við að endurskapa stemninguna á þeim tíma sem Ásmundur vann að verkum sínum í húsinu og opnaði vinnustofuna gjarnan fyrir gestum og gangandi. Þar sýnum við fjöldann allan af verkum og í hluta sýningarsalarins er vinnustaðurinn endurskapaður, meðal annars með gripum sem tilheyrðu vinnustofu Ásmundar. Þegar við vorum að móta Ásmundar-hluta verkefnisins leituðum við fanga í ljósmyndum af vinnustofu hans og sýningum sem hann setti upp í skemmunni en þar sýndi Ásmundur oft verk sín. Axel Hallkell Jóhannsson hannaði rýmið með ljósmyndirnar sem útgangspunkt og gerði þær

líka að hluta sýningarinnar,” segir Ólöf Kristín. „Við gátum valið úr fjölda verka eftir Ásmund en höfðum að leiðarljósi að velja verk sem studdu við þá hugsun að endurskapa vinnustofu og augljóslega tengjast hendi listamannsins, völdum frekar útskurð, leir og verk sem hafa ákveðna mýkt í efni og nálægð við handverkið.” Hinn hluti Undralands felst í þátttöku starfandi listamanna og þar er sýningarstjóri Markús Þór Andrésson. „Við bjóðum nokkrum listamönnum að vinna að listsköpun í einum sýningarsal safnsins. Hver listamaður fær þar rými í um átta vikur. Markús Þór hefur átt samtöl við listamennina um hugmyndir sem þeir eru að vinna að og þeir munu nýta þetta rými í því ferli. Við köllum þetta verk í vinnslu og vitum í raun ekki hvað mætir gestum sem hingað leggja leið sína á tímabilinu. Þetta er tækifæri til að skyggjast inn í skapandi ferli.” Hluta sýningarsalar hefur því verið breytt í vinnustofu. „Við erum með húsgögn í rýminu sem henta almennt til vinnu, borð og stóla og þess háttar og svo kemur hver listamaður með sitt yfirbragð og hluti,” segir Ólöf Kristín. Þeir listamenn sem verða með vinnustofu í Ásmundarsafni eru: Unnar Örn, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Amanda Rizzo og Sara Riel. „Listamennirnir munu vinna að ólíkum verkefnum. Við hjá safninu vitum ekki mikið um

það hvað kemur út úr því en mér finnst þetta spennandi leið til að brjóta upp hefðbundið starf safnsins og bjóða heim örlítilli óvissu. Ég vona að fólk líti á það sem tækifæri til að heimsækja safnið oft árið 2025 og vita ekki nákvæmlega hvað mætir því. Það er líka skemmtilegt að velta fyrir sér hvað tímarnir hafa breyst. Vinnustofa listamannsins á síðustu öld og vinnustofa listamannsins í dag eru ólíkir staðir en samt verða til sömu undrin á þessum stöðum. Titillinn á sýningunni vísar einmitt í þau undur sem eiga sér stað á vinnustofum listamanna þegar listaverk verður til.” Viðtalið tók Kolbrún Bergþórsdóttir fyrir Morgunblaðið. Birt með góðfúslegu leyfi blaðsins.

Mynd af sýningunni Undraland í Ásmundarsafni Photo from the exhibition Wonderland in Ásmundarsafn.



Wonders in the Studio

11.01.–
31.12.2025
Ásmundur
Sveinsson:
Undraland
Wonderland

Sýningarstjóri
Curator
Ólöf Kristín
Sigurðardóttir

The exhibition *Ásmundur Sveinsson: Wonderland* is currently on view at Ásmundarsafn. The museum, once the home and studio of sculptor Ásmundur Sveinsson (1893–1982), was designed and built by the artist himself and can even be considered one of his greatest sculptures. In 1940, when Ásmundur began work on the building, it stood at the edge of a field belonging to a farm with the enchanting name *Undraland* – *Wonderland*.

Ásmundur bequeathed the house and a selection of his works to the City of Reykjavík. A museum dedicated to his memory was established there in 1983. The exhibition currently on display is twofold: one part presents the works of Ásmundur Sveinsson, while the other features the working studio of a contemporary artist. The part which focuses on Ásmundur's art is curated by museum director Ólöf Kristín Sigurðardóttir.

"In this exhibition, we aim to recreate the atmosphere that existed when Ásmundur was actively working in the house and often opened his studio to the public," Ólöf Kristín explains. "We showcase a wide array of his works, and one section of the exhibition space has been reconstructed as a working studio with original objects from Ásmundur's own workspace. When developing this part of the exhibition, we drew inspiration from archival photographs of his studio and past exhibitions

held in the shed where Ásmundur often showed his work. Designer Axel Hallkell Jóhannsson used these photographs as a starting point for the spatial design and incorporated them into the exhibition itself. We had a wealth of works to choose from, but focused on those that would support the overall concept of recreating a working environment – works that clearly reflect the artist's hand. We gravitated toward carvings, clay pieces, and sculptures that exhibit a certain softness of material and closeness to craftsmanship."

The other half of *Wonderland* involves the participation of contemporary artists, curated by Markús Þór Andrésson. "We've invited a number of artists to engage in creative work within one of the museum's exhibition halls. Each artist is given the space for approximately eight weeks. Markús Þór has been in conversation with the artists about the ideas they're exploring, and they'll be using the space as part of their ongoing creative processes. We refer to this as 'work in progress,' and in truth, we don't entirely know what visitors will encounter during each period. It's an opportunity to glimpse the artistic process in action."

Part of the exhibition hall has therefore been transformed into a functioning studio. "We've furnished the space with worktables, chairs and other practical elements, and each artist brings their own aesthetic and materials,"

Ólöf Kristín explains. The artists who will work in the studio are: Unnar Örn, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Amanda Rizzo and Sara Riel.

"These artists will pursue very different projects. We at the museum don't know exactly what will emerge, but I find this to be an exciting way to break from the conventional format of exhibitions and embrace a bit of unpredictability. I hope visitors will see it as an invitation to return to the museum multiple times in 2025, not knowing quite what to expect," Ólöf Kristín reflects. "It's also fascinating to consider how times have changed – the artist's studio of the past and that of today are very different places, and yet, the same kinds of wonders continue to happen in both. The exhibition's title refers precisely to the wonders that occur in art studios when a work of art comes into being."

Courtesy of Morgunblaðið, interview by Kolbrún Bergþórsdóttir.

Unnar Örn: Verk í vinnslu Work in Progress 11.01.–23.03.2025



Ásta Fanney Sigurðardóttir: Verk í vinnslu Work in Progress 29.03.–09.06.2025



Amanda Rizzo: Verk í vinnslu Work in Progress 23.08.–29.10.2025



Halldór Ásgeirsson: Verk í vinnslu Work in Progress 14.06.–17.08.2025



Sara Riel: Verk í vinnslu Work in Progress 08.11.2025–18.01.2026



ÁSMUNDARSAFN

Höggmynd verður til á Urðartorgi í sumar

Myndhöggvarinn Matthías Rúnar Sigurðsson hefur í sumar unnið að nýrri höggmynd sem prýða mun Urðartorg í Úlfarsárdal. Íbúar og gestir hverfisins fá tækifæri til að fylgjast með listamanninum skapa verk sem setja mun svip á hverfið í framtíðinni. Verkefnið er í umsjón Listasafns Reykjavíkur sem sér um útilistaverk Reykjavíkurborgar og samræmist stefnu Reykjavíkurborgar um að gera list að aðgengilegum hluta af daglegu lífi borgarbúa.

Sækir í sagaheim

Matthías er þekkur fyrir einstakar höggmyndir sem sækja í undraheim sagna og oft goðfræðilegra minna. Það verður spennandi að sjá hvaða undraveröld eða verur hann heggur úr grágrýtishnullungi sem kominn er á Urðartorg. „Torgið heitir Urðartorg og því liggur kannski beint við að horfa til Urðar – örlagadísar sem stendur fyrir núði í Urður, Verðandi og Skuld en svo má líka sjá fyrir sér urðarkött, það verður spennandi fyrir fólk að sjá hvað býr í grjótinu,“ segir Matthías um verkefnið.

Matthías mun vinna verkið á staðnum í sumar – verður með viðveru á torginu einhverja daga vikunnar, sem gefur vegfarendum og íbúum hverfisins tækifæri til að fylgjast með ferlinu, kynnast listamanninum og sjá hvernig höggmyndin þróast í rauntíma.

Hluti af mótun hverfisins

„Það er einstakt tækifæri að fá listamann til að vinna að verki sínu fyrir opnum tjöldum og vonandi að íbúar nýti tækifærið og kynnist ekki bara verkinu heldur líka höfundinum og hugmyndunum sem liggja að baki verkinu,“ segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Urðartorgi er ætlað að vera viðkomustaður í hverfi sem er að mótast í næsta nágrenni við náttúru og útivistarsvæði í Úlfarsárdal. Verkið er hluti af mótun hins nýja hverfis og er liður í því að efla menningu og list í opinberu rými borgarinnar.

Um listamanninn

Matthías Rúnar Sigurðsson (1988) er myndhöggvari og efniviður höggmynda hans eru steinar – grágrýti, blágrýti, gabbró, granít, marmari o.fl. Matthías hlaut Hönnunarverðlaun Íslands árið 2021. Höggmyndir hans má finna í einkasöfnum, í safneign Listasafns Íslands, Safnasafnsins, Listasafns Reykjavíkur, í Seðla-bankanum, hjá skáldum og úti á víðavangi.

Útilistaverkin í Reykjavík – aðgengileg í listaverkaappi

Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með úti-listaverkum í borginni sem eru um tvö hundruð talsins. Hægt er að hlaða niður ókeypis appi um útilistaverkin (Reykjavík Art Walk) og fá upplýsingar um listaverkin, hljóðleiðsagnir fyrir göngu- og hjólatúra og skemmtilega leiki fyrir börn og fullorðna.




App Store



Google Play

Matthías Rúnar Sigurðsson á Urðartorgi Matthías Rúnar Sigurðsson at Urðartorg.



A Sculpture Takes Shape at Urðartorg This Summer

Sculptor Matthías Rúnar Sigurðsson is spending the summer working on a new piece that will soon grace Urðartorg in Úlfarsárdalur. Residents and visitors to the area will have the unique opportunity to observe the artist as he creates a work that will become a lasting part of the neighborhood's identity. The project is overseen by the Reykjavík Art Museum, which manages public artworks on behalf of the City of Reykjavík. It aligns with the city's cultural policy to make art an accessible and integral part of daily life.

Drawing from the World of Myths

Matthías is well known for his distinctive sculptures that often draw on the magical world of folklore and mythological themes. It will be exciting to see what fantastical world or creature emerges from the large dolerite boulder now placed in Urðartorg.

“The square is called Urðartorg, so it’s tempting to look to Urður – one of the Norns in Norse mythology, representing the present in the trio of Urður, Verðandi and Skuld. But one could also imagine a mythical creature, an urðarköttur (wild cat) – it will be exciting for people to see what lies hidden in the stone,” Matthías says of the project.

Matthías will be working on-site this summer, spending a few days a week at the square. This gives passersby and local residents a chance

to watch the process unfold, meet the artist, and witness the sculpture’s creation in real time.

Shaping a New Neighborhood

“It’s a rare opportunity to see an artist at work in a public setting, and hopefully residents will take this chance not only to get to know the sculpture but also the artist and the ideas behind it,” says Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Director of the Reykjavík Art Museum.

Urðartorg is intended as a central gathering point in a new neighborhood that is taking shape near nature and outdoor areas in Úlfarsárdalur. The sculpture will be a meaningful contribution to the area’s evolving identity and part of Reykjavík’s broader effort to enrich public spaces with culture and art.

About the Artist

Matthías Rúnar Sigurðsson (b. 1988) is a sculptor whose primary material is stone – including dolerite, basalt, gabbro, granite, marble, and more. He received the Icelandic Design Award in 2021. His sculptures can be found in private collections and in the collections of the National Gallery of Iceland, The Icelandic Folk and Outsider Art Museum, the Reykjavík Art Museum, the Central Bank of Iceland, as well as with poets and in various outdoor locations.

Public Art in Reykjavík – Now in Your Pocket

The Reykjavík Art Museum oversees around 200 public artworks throughout the city. A free mobile app – Reykjavík Art Walk – provides information on these works, audio guides for walking and cycling routes, and fun games for children and adults alike.




App Store



Google Play

Listamaðurinn að störfum The artist at work.



Draumaland

Jóhannes S. Kjarval

Einar Jónsson

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýningin Draumaland þar sem sjónum er sérstaklega beint að fantasíuverkum Kjarvals sem innihalda dulspekilegar og trúarlegar vísanir og táknmyndir. Auk verka Kjarvals eru sýnd málverk Einars Jónssonar sem fengin eru að láni frá Listasafni Einars Jónssonar. Sýningarstjóri er Edda Halldórsdóttir.

Kjarval ferðaðist mikið á lífsleiðinni, bæði um eigið land og útlönd. Hann varð fyrir áhrifum frá fólki og nærumhverfi sínu, las mikið og kynnti sér straua og stefnur sem ríkjandi voru. Meðal áhrifavalda í lífi listamannsins má nefna kollega hans og vin, Einar Jónsson myndhöggvara (1874–1954), og enska listamanninn William Blake (1757–1827). Kjarval kynntist Einari í London árið 1911 þegar þeir dvöldu þar samtíða um þriggja mánaða skeið og varð vel til vina. Einar var þekktur fyrir goðsöguleg og trúarleg myndefni og lagði áherslu á táknrænar merkingar í höggmyndum sínum og málverkum. Í bókum og á söfnum stórborgarinnar komst Kjarval svo í kynni við verk Blakes. Hann var eitt fremsta rómantíska skáld Englands og þekktur fyrir fínlegar og dulúðugar teikningar, hlaðnar trúarlegum táknum og vísunum.

Á sýningunni hefur verið safnað saman verkum Kjarvals sem eiga það sameiginlegt að vera spröttin úr hugarheimi handan þess sem er áþreifanlegt og auðskiljanlegt. Verkin eru ýmist með skýrar trúarlegar vísanir í Biblíuna

Ljósmynd af Kjarval ungum Photo of young Kjarval.



og kristileg minni eða eru óræðari fantasíur hlaðnar táknum, hinu yfirskilvitlega og dulræna. Slík hugðarefni bjuggu í Kjarval alla tíð en eftir dvölinu í London og viðkynninn af heimslistinni og innsýn í alþjóðlegan táknheim sýmbólisma má greina breytingu í áherslum og stílbrigðum sem Kjarval átti svo eftir að þróa á sinn persónulega hátt í gegnum allan ferilinn.

Á sýningunni eru verk frá öllum ferli Kjarvals. Árið 1908 hélt hann sína fyrstu sýningu í Reykjavík og sýndi þar fyrsta sinni fantasíuverk, þá 22 ára gamall, þegar hann hafði ekki enn farið til London eða hlotið formlega listmenntun. Fantasíurnar, sem gjarnan innihalda huldufólk, dulrænar verur og táknmyndir, áttu eftir að fylgja honum alla ævi og taka breytingum og þróast í gegnum ferilinn. Fyrir og í kjölfar London-dvalarinnar gerði Kjarval þó nokkuð af svokölluðum „draumalands-verkum“ sem gjarnan birta órætt landslag, fossa og verur í landslagi og má sjá margar af þeim myndum á sýningunni.

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) er einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar og fjölbreytt lífsverk hans nær yfir fjölda málverka af náttúru landsins, kynjaverum og fólkinu í landinu. Árið 1968 ánafnaði Kjarval Reykjavíkurborg stóran hluta listaverka sinna og persónulegra muna og hafa verk hans verið kynnt með ýmsu móti frá því Kjarvalsstaðir voru opnaðir árið 1973.



KJARVALSSTOÐUM

Dreamland

Jóhannes S. Kjarval

Einar Jónsson

24.05.–
07.09.2025
Draumaland
Dreamland

Sýningarstjóri
Curator
Edda
Halldórsdóttir

The exhibition Dreamland is currently on display at Kjarvalsstaðir, it focuses on Kjarval's fantasy works, emphasizing pieces that include religious themes and mystical symbols and references. In addition to Kjarval's works, several paintings by Einar Jónsson, borrowed from the Einar Jónsson Sculpture Museum, are also on display. Curator is Edda Halldórsdóttir.

Kjarval travelled extensively throughout his life, both within his own country and abroad. He was influenced by people and his surroundings, read extensively, and familiarized himself with prevailing trends and movements. Among the influences in Kjarval's life were his colleague and friend, sculptor Einar Jónsson (1874–1954), and the English artist William Blake (1757–1827). Kjarval met Einar in London in 1911 when they stayed there simultaneously for three months and became good friends. Einar was known for his mythological and religious imagery and emphasized symbolic meanings in his sculptures and paintings. In the books and museums of the metropolis, Kjarval became acquainted with Blake's works. Blake was one of England's foremost Romantic poets, known for his delicate and mystical drawings, laden with religious symbols and references.

This exhibition gathers works by Kjarval that share the common theme of originating from a spiritual world beyond the tangible and easily understandable. The works either have clear

religious references to the Bible and Christian legends and motifs or are more ambiguous fantasies filled with symbols, the supernatural, and the mystical. Such themes were always present in Kjarval's mind, but after his stay in London and his acquaintance with international art and insight into the world of theosophy and symbolism, one can discern changes in emphasis and stylistic approach that Kjarval would later develop in his personal way throughout his career.

The exhibition showcases works from all stages of Kjarval's career. In 1908, at the age of 22, he held his first exhibition in Reykjavík, where he presented fantasy works for the first time, before ever traveling to London or receiving formal art education. These fantasy pieces, often featuring hidden folk, mystical beings, and symbolic imagery, remained a constant in his artistic journey, evolving and transforming over time. Both before and following his time in London, Kjarval created several so-called "dreamland works," which often depict ambiguous landscapes, waterfalls, and figures within nature. The exhibition aims to gather as many of these works as possible.

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) is one of the nation's most beloved artists, and his diverse body of work includes numerous paintings of Icelandic nature, mythical beings, and the people of Iceland. In 1968, Kjarval

donated a significant portion of his artworks and personal belongings to the City of Reykjavík, and his works have been showcased in various ways since the opening of Kjarvalsstaðir in 1973.



Ungt fólk, list og loftslag

Sumarævintýri Vinnuskólans í Höfuðskepnur

Í allt sumar hefur líf og fjör fyllt sali Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi, þar sem sýningin Höfuðskepnur hefur verið vettvangur lifandi samtals, sköpunar og íhugunar. Þar mætast list, náttúra og ungt fólk í gjöfulu samstarfi milli Vinnuskólans og safnsins.

Á hverjum virkum degi taka hópar 10. bekk- inga frá Vinnuskólanum sér hlé frá hefðbundinni útivinnu og stíga inn í heim listasafnsins, þar sem þau fá að upplifa dag þar sem hugmyndir og sköpun ráða för. Markmiðið? Að tengjast náttúrunni á nýjan hátt – í gegnum listina – og velta fyrir sér einni stærstu áskorun samtímans: loftslagsmálum.

Verkefnið er hluti af stærra evrópsku samstarfi innan rammans um Loftslagsborgir Evrópu (European Climate Cities), þar sem Reykjavíkurborg tekur þátt ásamt borgunum Osló í Noregi og Cluj-Napoca í Rúmeníu.

List sem vekur til umhugsunar

Sýningin Höfuðskepnur dregur saman verk íslenskra og alþjóðlegra listamanna sem hver á sinn hátt fjalla um samband manns og náttúru, áhrif loftslagsbreytinga og lífríki jarðar. Það er ekki síst í gegnum þessi verk sem ungmennin upplifa hvernig list getur kveikt spurningar, vakið tilfinningar og jafnvel hvatt til aðgerða.

Það eru þau Rúnar Örn Jóhönnu Marinósson og Erna Kanema Mashinkila sem leiða hópana í gegnum sýninguna og bjóða upp á opið samtal um verkin, þar sem ekkert svar er „rangt“. Þarna

fá krakkarnir að tjá sig um hvað þau sjá, skynja og skilja – og hvernig þau upplifa þessi stóru málefni dagsins.

Frjáls sköpun og framsækna hugmyndir

Eftir skoðun og umræðu tekur við skapandi vinnustofa þar sem þátttakendur vinna með fjölbreytt listform – allt frá teikningu og textíl til hreyfimynda og gjörninga. Hugmyndin er ekki að skapa „fallega hluti“, heldur að nota sköpunina til að vinna úr hugmyndum og tilfinningum. Þetta verður oft einn af hápunktum dagsins: þar sem hugmyndir springa út og óvænt sjónarhorn spretta fram.

Það er ótrúlegt að sjá hvernig ungmennin bregðast við – sum með háværri rödd og önnur í kyrrlátri íhugun – en öll með sínar eigin hugmyndir og viðhorf. Það er greinilegt að þessi kynslóð hefur sterkar skoðanir á framtíð jarðar, loftslagsvá og ábyrgð mannsins.

Samstarf sem skiptir máli

Verkefnið er einstakt dæmi um hvernig samstarf menningarstofnana og ungmennastarfs getur verið hvetjandi og ýtt undir skapandi hugsun. Vinnuskólinn gefur ungu fólki tækifæri til að vinna og þroskast – og í gegnum safndaginn fær það líka rými til að spegla sig í listinni og samfélaginu.

Nemendur koma með ferska sýn og spurningar, og listin fær nýtt líf í gegnum augu þeirra. Það er einmitt þannig sem safn verður lifandi – þegar það hreyfir við fólki og skapar vettvang fyrir samtal og samveru.

Sýningin Höfuðskepnur

Að fornu var efnisheimi jarðar skipt í fjögur frumefni: Jörð, vatn, loft og eld. Sú kenning ljær sýningunni yfirskriftina Höfuðskepnur. Á sýningunni eru kynnt nýleg verk samtíma- listamanna sem kalla með ólíkum hætti fram hugrenningatengsl við þessa frumkrafta náttúrunnar. Breytingar í umhverfinu eru til skoðunar í verkum sex listamanna sem beina sjónum að ummyndun ólífræns efnis, eins og bráðnun, storknun, uppgufun og kristöllun. Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Alessa Brossmer, Hrafnkell Sigurðsson, Jóhanna Bogadóttir, Ragna Róbertsdóttir, Rúrí og Þorbjörg Jónsdóttir.

Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

Nemendur Vinnuskólans í Hafnarhúsi Students from Reykjavík's Employment Program in the museum.



REYKJAVÍK
SAFN
HAFNARHÚSI

Young People, Art, and Climate

05.06.–
21.09.2025
Höfuðskepnur
Elements

Sýningarstjóri
Curator
Markús Þór
Andrésson

The Summer Adventure of Reykjavík’s Youth Employment Program in *Elements*

All summer long, life and energy have filled the halls of the Reykjavík Art Museum – Hafnarhús, where the exhibition *Elements* has served as a platform for vibrant dialogue, creativity, and reflection. Here, art, nature, and young people come together in a fruitful collaboration between the city’s Youth Employment Program (Vinnuskólinn) and the museum.

Every weekday, groups of 10th-grade students from Vinnuskólinn step away from their usual outdoor work and into the museum’s world, where ideas and creativity take centre stage. The goal? To reconnect with nature in a new way – through art – and to contemplate one of the greatest challenges of our time: Climate change.

This initiative is part of a broader European collaboration within the framework of the *European Climate Cities* project, in which Reykjavík participates alongside Oslo, Norway, and Cluj-Napoca, Romania.

Art That Inspires Reflection

The exhibition *Elements* brings together works by Icelandic and international artists, each addressing in their own way the relationship between humans and nature, the impact of climate change, and the planet’s ecosystems. It is through these works that the young participants experience how art can raise questions, stir emotions, and even inspire action.

The groups are led by Rúnar Örn Jóhönnu

Marinósson and Erna Kanema Mashinkila, who guide the students through the exhibition in open conversation, where no answer is “wrong.” The participants are encouraged to express what they see, feel, and understand – and how they relate to these pressing issues of our time.

Creative Freedom and Forward-Thinking Ideas

Following the discussion, a creative workshop takes place where students explore various artistic media – from drawing and textiles to animation and performance. The aim is not to produce “beautiful objects,” but to use creativity as a tool for working through ideas and emotions. This is often one of the highlights of the day: a moment when ideas blossom and unexpected perspectives emerge.

It is remarkable to witness how the young people respond – some with bold voices, others in quiet contemplation – each with their own insights and viewpoints. It’s clear that this generation holds strong opinions about the future of the Earth, the climate crisis, and human responsibility.

A Collaboration That Matters

This project is a powerful example of how collaboration between cultural institutions and youth programs can be inspiring and foster creative thinking. The Youth Employment Program offers young people the chance to work and grow – and through their day at the museum, they are also given space to reflect on art and society.

The students bring fresh perspectives and questions, and the artworks gain new life through their eyes. This is how a museum becomes truly alive – when it touches people, sparks dialogue, and becomes a space for connection.

The Exhibition *Elements*

In ancient times, the material world was divided into four elements: Earth, Water, Air, and Fire. This concept gives the exhibition its title, *Elements*. The show presents recent works by contemporary artists who, each in their own way, evoke associations with these primal forces of nature. Environmental transformation is a central theme, explored through the works of six artists who focus on changes in inorganic matter, such as melting, solidifying, evaporation, and crystallization. Featured artists are Alessa Brossmer, Hrafnkell Sigurðsson, Jóhanna Bogadóttir, Ragna Róbertsdóttir, Rúrí and Þorbjörg Jónsdóttir.

The exhibition is curated by Markús Þór Andrésson.

Nemendur Vinnuskólans í Hafnarhúsi Students from Reykjavík’s Employment Program in the museum.



UR
ART MUSEUM
LISTA
HÚS

Sýningar Exhibitions

Hafnarhús
07.02.–14.09.2025
Ragnar Kjartansson:
Heimsljós – líf og dauði listamanns
World Light – The Life and Death
of an Artist

07.08.–21.09.2025
D52 Elsa Jónsdóttir
Ljáðu eyra
Lend an Ear

04.10.2025–11.01.2026
Steina:
Tímaflakk
Playback

05.06.2025–03.05.2026
Erró: Remix

Kjarvalsstaðir
09.09.2023–31.12.2025
Kjarval og 20. öldin:
Þegar nútíminn lagði að
Kjarval and the 20th Century:
When Modernity Anchored

24.05.–07.09.2025
Draumaland Dreamland

20.09.2025–25.01.2026
Kristín Gunnlaugsdóttir:
Yfirlitssýning Retrospective

Ásmundarsafn
11.01.–31.12.2025
Ásmundur Sveinsson:
Undraland Wonderland

14.06.–17.08.2025
Undraland: Halldór Ásgeirsson
með verk í vinnslu
Wonderland: Work in Progress
with Halldór Ásgeirsson

23.08.–29.10.2025
Undraland: Amanda Riffo
með verk í vinnslu
Wonderland: Work in Progress
with Amanda Riffo

08.11.2025–18.01.2026
Undraland: Sara Riel með verk
í vinnslu
Wonderland: Work in Progress
with Sara Riel

Hafnarhús
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
Opið daglega 10–17:00
Fimmtudaga 10–22:00
Open daily 10h00–17h00
Thursdays 10h00–22h00

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24, 105 Reykjavík
Opið daglega 10–17:00
Open daily 10h00–17h00

Ásmundarsafn
Sigtún, 105 Reykjavík
Opið daglega 10–17:00
Open daily 10h00–17h00

+354 411 6400
listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum



Útgefandi Publisher
Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum

Texti Authors
Edda Halldórsdóttir
Kolbrún Bergþórsdóttir
Nathalía Druzin Halldórsdóttir
Ólöf Kristín Sigurðardóttir

Þýðing og prófarkalestur
Translation and proofreading
Ingunn Snædal

Ljósmyndun Photography
Róbert Reynisson
Magnús Óli
Maríanna Eva Dúfa Sævarsdóttir
Vigfús Birgisson

Verslaðu við okkur á netinu
– við sendum þér vörurnar!
Look at our webshop – We ship!
www.verslun.listasafnreykjavikur.is



- 1

Hafnarhús
- 2

Kjarvalsstaðir
- 3

Ásmundarsafn
- Walking route
- Public Art
- B

Bus Stops

